# Niðurstöður kennslumats á vorönn 2016

Könnunin fór fram í fyrsta skipti í kennslumatskerfi í INNU. Kennslustjórar ákváðu hvaða áfanga skyldi meta. Áfangar fara í kennslumat á tveggja til þriggja anna fresti.

Kennslumatið fór fram 5.-18. mars. Kennarar voru beðnir um að ráðstafa einni kennslustund til að láta nemendur svara könnuninni, panta fartölvuvagn fyrir þá nemendur sem ekki voru með tölvu eða panta tíma í tölvuveri. Einnig var boðið upp á aðstoð í hópvinnuherbergi, þar sem netstjóri og kerfisstjóri tóku á móti nemendum og veittu aðstoð við matið. Mun færri en á síðustu önnum nýttu sér þennan valkost.

Svarhlutfall á vorönn 2016 var 33,3% sem er töluvert minna en á síðustu önnum. Svarhlutfallið hefur verið yfir 60% frá því á haustönn 2013 og á haustönn 2015 var svarhlutfall 65%. Kennslumatskerfi INNU býður ekki upp á að fylgjast með þátttöku í einstökum áföngum og þess vegna ekki hægt að senda kennurum ítrekun þar sem þátttakan var ekki fullnægjandi. Alls fór 101 áfangi í kennslumat í 151 hóp. Í 113 hópum var svörun undir 50% og í 89 hópum svöruðu 5 eða færri nemendur og fengu kennarar ekki niðurstöður úr þeim hópum.

Svörun var misjöfn eftir brautum. Á heilbrigðisbrautum var svörun 49,7% og á bóknámsbrautum 30,8%. Mest var svörun á tanntæknabraut 83,7%. Á bóknámsbrautum var svörun mest á viðskipta- og hagfræðibraut 42,4%.

## Svörun eftir brautum

| Braut | Hópastærð 5.4.2016 | Fjöldi svara | % |
|---|---|---|---|
| Almenn námsbraut | 68 | 35 | 51,5% |
| Bóknámsbrautir | 52 | 6 | 11,5% |
| Félagsfræðabraut | 362 | 141 | 39,0% |
| Grunnám heilbrigðisgreina | 124 | 34 | 27,4% |
| Heilbrigðisritarabraut | 40 | 33 | 82,5% |
| Heilsunuddarabraut | 17 | 3 | 17,6% |
| Hugvísindabraut | 927 | 244 | 26,3% |
| Lyfjatæknabraut | 9 | 5 | 55,6% |
| Náttúrufræðibraut | 595 | 177 | 29,7% |
| Nýsköpunar- og listabraut | 67 | 12 | 17,9% |
| Sjúkraliðabraut | 112 | 46 | 41,1% |
| Tanntæknabraut | 86 | 72 | 83,7% |
| Viðskipta- og hagfræðibraut | 125 | 53 | 42,4% |
| **Alls:** | **2584** | **861** | **33,3%** |

Fleiri konur (69%) svöruðu kennslumatinu en karlar (31%). En á vorönn 2016 voru 63% skráðra nemenda konur og 37% karlar. Þetta er sama kynjaskipting eins og á haustönn 2015 og sama kynjaskipting í matinu. E.t.v. skýrist þetta með hærri svörun heilbrigðisbrauta þar sem konur eru í miklum meirihluta.

**Niðurstöður í einstökum spurningum**

| | |
|---|---|
| Kyn<br>(Svarhlutfall 861/868)<br>1. Kona - 69%<br>2. Karl - 31% |  |
| Ég mæti vel í kennslustundir<br>(Svarhlutfall 868/868)<br>1. Mjög ósammála - 3%<br>2. Frekar ósammála - 10%<br>3. Frekar sammála - 33%<br>4. Mjög sammála - 52%<br>5. Á ekki við / veit ekki - 1% |  |
| Ég fylgist vel með og vinn verkefni samviskusamlega<br>(Svarhlutfall 866/868)<br>1. Mjög ósammála - 3%<br>2. Frekar ósammála - 5%<br>3. Frekar sammála - 35%<br>4. Mjög sammála - 56%<br>5. Á ekki við / veit ekki - 1% |  |

| | |
|---|---|
| Mér finnst ég hafa lært mikið í þessum áfanga<br><br>(Svarhlutfall 866/868)<br>1. Mjög ósammála - 4%<br>2. Frekar ósammála - 11%<br>3. Frekar sammála - 34%<br>4. Mjög sammála - 50%<br>5. Á ekki við / veit ekki - 2% |  |
| Ég tel að námið í áfanganum muni gagnast mér í framtíðinni, í frekara námi, starfi eða einkalífi<br><br>(Svarhlutfall 867/868)<br>1. Mjög ósammála - 6%<br>2. Frekar ósammála - 10%<br>3. Frekar sammála - 31%<br>4. Mjög sammála - 51%<br>5. Á ekki við / veit ekki - 2% |  |
| Ég hef kynnt mér kennsluáætlun áfangans<br><br>(Svarhlutfall 865/868)<br>1. Mjög ósammála - 6%<br>2. Freka ósammála - 12%<br>3. Frekar sammála - 33%<br>4. Mjög sammála - 45%<br>5. Á ekki við / veit ekki - 3% |  |

| | |
|---|---|
| Áætlaðu hvað margar klukkustundir á viku þú notar í heimavinnu í áfanganum (lestur, verkefnavinna o.þ.h.)<br><br>(Svarhlutfall 868/868)<br>1. 0-1 - 34%<br>2. 1-2 - 30%<br>3. 2-3 - 20%<br>4. 3-4 - 9%<br>5. 4-5 - 5%<br>6. fleiri en 5 - 2% |  |
| Áfanginn er vel skipulagður<br><br>(Svarhlutfall 864/868)<br>1. Mjög ósammála - 5%<br>2. Frekar ósammála - 7%<br>3. Frekar sammála - 36%<br>4. Mjög sammála - 51%<br>5. Á ekki við / veit ekki - 1% |  |
| Ég er ánægð/ur með námsbók/-bækur áfangans (lesefni)<br><br>(Svarhlutfall 865/868)<br>1. Mjög ósammála - 7%<br>2. Frekar ósammála - 10%<br>3. Frekar sammála - 33%<br>4. Mjög sammála - 41%<br>5. Á ekki við / veit ekki - 9% |  |

| | |
|---|---|
| Ég er ánægð/ur með námsgögn þ.e. glærur, verkefni o.þ.h.<br><br>(Svarhlutfall 865/868)<br>1. Mjög ósammála - 5%<br>2. Frekar ósammála - 6%<br>3. Frekar sammála - 35%<br>4. Mjög sammála - 51%<br>5. Á ekki við / veit ekki - 4% | <br> |
| Námsmat byggt á skyndiprófum/hlutaprófum /kaflaprófum gefur rétta mynd af námsstöðu minni<br><br>(Svarhlutfall 867/868)<br>1. Mjög ósammála - 5%<br>2. Frekar ósammála - 9%<br>3. Frekar sammála - 35%<br>4. Mjög sammála - 40%<br>5. Á ekki við / veit ekki - 11% | <br> |
| Mér finnst samræmi milli prófa/verkefna og kennslu/markmiða áfangans<br><br>(Svarhlutfall 863/868)<br>1. Mjög ósammála - 2%<br>2. Frekar ósammála - 5%<br>3. Frekar sammála - 36%<br>4. Mjög sammála - 49%<br>5. Á ekki við / veit ekki - 8% | <br> |

| | |
|---|---|
| Vinnuálag áfangans er hæfilegt<br><br>(Svarhlutfall 865/868)<br>1. Mjög ósammála - 3%<br>2. Frekar ósammála - 10%<br>3. Frekar sammála - 37%<br>4. Mjög sammála - 48%<br>5. Á ekki við / veit ekki - 2% |  |
| Aðstaða til náms og kennslubúnaður er góður<br><br>(Svarhlutfall 865/868)<br>1. Mjög ósammála - 3%<br>2. Frekar ósammála - 4%<br>3. Frekar sammála - 35%<br>4. Mjög sammála - 57%<br>5. Á ekki við / veit ekki - 2% |  |
| Útskýringar og fyrirmæli eru skýr<br><br>(Svarhlutfall 866/868)<br>1. Mjög ósammála - 4%<br>2. Frekar ósammála - 7%<br>3. Frekar sammála - 31%<br>4. Mjög sammála - 58%<br>5. Á ekki við / veit ekki - 1% |  |

| | |
|---|---|
| Kennarinn kemur vel undirbúinn í kennslustundir<br><br>(Svarhlutfall 868/868)<br>1. Mjög ósammála - 3%<br>2. Frekar ósammála - 4%<br>3. Frekar sammála - 25%<br>4. Mjög sammála - 68%<br>5. Á ekki við / veit ekki - 1% |  |
| Ég er ánægð/ur með viðmót kennarans gagnvart mér<br><br>(Svarhlutfall 868/868)<br>1. Mjög ósammála - 3%<br>2. Frekar ósammála - 3%<br>3. Frekar sammála - 22%<br>4. Mjög sammála - 70%<br>5. Á ekki við / veit ekki - 1% |  |
| Verkefnum/ritgerðum/prófum o.s.frv. er skilað til baka innan eðlilegra tímamarka<br><br>(Svarhlutfall 864/868)<br>1. Mjög ósammála - 2%<br>2. Frekar ósammála - 5%<br>3. Frekar sammála - 27%<br>4. Mjög sammála - 58%<br>5. Á ekki við / veit ekki - 7% |  |

| | |
|---|---|
| Verkefnum/ritgerðum/o.s.frv. er skilað með leiðbeiningum/uppbyggjandi athugasemdum<br><br>(Svarhlutfall 865/868)<br>1. Mjög ósammála - 3%<br>2. Frekar ósammála - 7%<br>3. Frekar sammála - 29%<br>4. Mjög sammála - 50%<br>5. Á ekki við / veit ekki - 11% |   |
| Hæfilegur agi er í kennslustundum<br><br>(Svarhlutfall 863/868)<br>1. Mjög ósammála - 3%<br>2. Frekar ósammála - 5%<br>3. Frekar sammála - 28%<br>4. Mjög sammála - 63%<br>5. Á ekki við / veit ekki - 2% |   |
| Fjölbreyttar aðferðir eru notaðar í kennslunni<br><br>(Svarhlutfall 866/868)<br>1. Mjög ósammála - 6%<br>2. Frekar ósammála - 12%<br>3. Frekar sammála - 34%<br>4. Mjög sammála - 42%<br>5. Á ekki við / veit ekki - 5% |   |

| | |
|---|---|
| Kennarinn mætir stundvíslega í kennslustundir<br>(Svarhlutfall 865/868)<br>1. Mjög ósammála - 3%<br>2. Frekar ósammála - 4%<br>3. Frekar sammála - 22%<br>4. Mjög sammála - 71%<br>5. Á ekki við / veit ekki - 1% |  |
| Kennari setur reglulega tilkynningar, kennsluefni, leiðbeiningar inn á kennsluumhverfi áfanga (Moodle)<br>(Svarhlutfall 863/868)<br>1. Mjög ósammála - 4%<br>2. Frekar ósammála - 8%<br>3. Frekar sammála - 25%<br>4. Mjög sammála - 55%<br>5. Á ekki við / veit ekki - 8% |  |
| | |

## Álit nemenda

Nemendur gátu svarað tveimur opnum spurningum og fengu kennarar svörin send.

**Hvað finnst þér best við áfangann?**
Komdu á framfæri því sem þér þykir jákvæðast við kennslu, námsefni og verkefni/próf í áfanganum.
370 svör bárust frá 861 þátttakenda eða 43%, þ.e.a.s. svipaður fjöldi og á haustönn 2015 (46%).

**Hvað finnst þér að betur mætti fara í áfanganum?**
Komdu á framfæri ábendingum varðandi kennslu, námsefni og verkefni/próf í áfanganum.
289 svör bárust eða 34%, þ.e.a.s. svipað hlutfall og á haustönn 2015 (35%).

## Niðurstöður

Tilgangur kennslumats er til að kennari fái endurgjöf nemenda á kennslunni, til að bæta kennslu, til að stjórnendur fái upplýsingar um gæði kennslu og náms, til að veita kennurum stuðning, til að nemendur sjái niðurstöður mats og veita þeim aukin tækifæri til að hafa áhrif á kennslu og til að fá tölfræðilegar upplýsingar og geta gert samanburð milli anna. Í kennslumat fóru annars vegar áfangar sem nýráðnir kennarar kenndu á vorönn og hins vegar áfangar sem kennarar eða kennslustjórar óskuðu eftir að færu í mat, t.d. vegna breyttra kennsluhátta, breytts eða nýs námsefnis. Skólameistari og aðstoðarskólameistari kalla alla fastráðna kennara í viðtal um kennslumatið og fara yfir það sem vel er gert og hvað megi hugsanlega bæta. Lítil þátttaka dregur úr marktækni niðurstaðna og þarf að finna leið til að hvetja nemendur til þátttöku.

Niðurstöður birtast kennurum í INNU um leið og heildarniðurstöður liggja fyrir. Í hópum þar sem 5 eða færri nemendur svöruðu eru niðurstöður ekki birtar.

Samanburður á niðurstöðum einstakra spurninga frá vorönn 2015 til vors 2016. Nemendur gáfu stig frá 1 (mjög ósammála) og upp í 4 (mjög sammála). Meðaltal vorannar 2016 er merkt inn á stöplaritið.



Kennsluþættir fá hæsta mat með meðaltal 3,5 og er sama og á haustönn 2015. Mat á eigin námi lækkaði um 0,1 í meðaltal 3,3 og mat á áfanganum hækkaði um 0,1 í meðaltal 3,4 frá því á haustönn 2015.

| **Leggðu mat á námið þitt í áfanganum** | Haust 2015 | Vor 2016 | Meðaltal[1] |
|---|---|---|---|
| Ég mæti vel í kennslustundir | 3,4 | 3,4 | 3,4 |
| Ég fylgist vel með og vinn verkefni samviskusamlega | 3,5 | 3,4 | 3,4 |
| Mér finnst ég hafa lært mikið í þessum áfanga | 3,4 | 3,3 | 3,2 |
| Ég tel að námið í áfanganum muni gagnast mér í framtíðinni, í frekara námi, starfi eða einkalífi | 3,3 | 3,3 | 3,1 |
| Ég hef kynnt mér kennsluáætlun áfangans | 3,3 | 3,3 | 3,2[2] |
| **Meðaltal** | **3,4** | **3,3** | **3,3** |

| **Leggðu mat á áfangann** | Haust 2015 | Vor 2016 | Meðaltal |
|---|---|---|---|
| Áfanginn er vel skipulagður | 3,4 | 3,4 | 3,4 |
| Ég er ánægð/ur með námsbók/-bækur áfangans (lesefni) | 3,2 | 3,3 | 3,1 |
| Ég er ánægð/ur með námsgögn þ.e. glærur, verkefni o.þ.h. | 3,4 | 3,4 | 3,3 |
| Námsmat byggt á skyndiprófum/ hlutaprófum/ kaflaprófum gefur rétta mynd af námsstöðu minni | 3,1 | 3,4 | 3,1[2] |
| Mér finnst samræmi milli prófa/verkefna og kennslu/markmiða áfangans | 3,2 | 3,5 | 3,2 |
| Vinnuálag áfangans er hæfilegt | 3,4 | 3,4 | 3,2 |
| Aðstaða til náms og kennslubúnaður er góður | 3,5 | 3,5 | 3,4[2] |
| **Meðaltal** | **3,3** | **3,4** | **3,2** |

| **Leggðu mat á kennsluna í áfanganum** | Haust 2015 | Vor 2016 | Meðaltal |
|---|---|---|---|
| Útskýringar og fyrirmæli eru góð | 3,5 | 3,4 | 3,4 |
| Kennarinn kemur vel undirbúinn í kennslustundir | 3,6 | 3,6 | 3,6 |
| Ég er ánægð/ur með viðmót kennarans gagnvart mér | 3,6 | 3,6 | 3,5 |
| Verkefnum/ritgerðum/prófum o.s.frv. er skilað til baka innan eðlilegra tímamarka | 3,4 | 3,6 | 3,5 |
| Verkefnum/ritgerðum/o.s.frv. er skilað með leiðbeiningum/uppbyggjandi athugasemdum | 3,2 | 3,6 | 3,3 |
| Hæfilegur agi er í kennslustundum | 3,5 | 3,6 | 3,4 |
| Fjölbreyttar aðferðir eru notaðar í kennslunni | 3,3 | 3,3 | 3,2 |
| Kennarinn mætir stundvíslega í kennslustundir | 3,6 | 3,6 | 3,6 |
| Kennari setur reglulega tilkynningar, kennsluefni, leiðbeiningar inn á kennsluumhverfi áfanga | 3,4 | 3,6 | 3,3[2] |
| **Meðaltal** | **3,5** | **3,5** | **3,4** |

Yfirleitt er enginn marktækur munur á meðaltölum milli haustannar 2015 og vorannar 2016. Undantekningar eru mat á námsmati sem hækkaði úr 3,1 í 3,4, samræmi milli prófa/verkefna og kennslu/markmiða sem hækkaði úr 3,2 í 3,5, verkefnum skilað

[1] Meðaltal er reiknað frá vorönn 2008 til vorannar 2016
[2] Þessum spurningum var bætt við á haustönn 2013

innan eðlilegra tímamarka sem hækkaði úr 3,4 í 3,6 og verkefnum skilað með leiðbeiningum sem hækkaði úr 3,2 í 3,6.

Þessar hækkanir eru ánægjulegar en lítil heildarþátttaka dregur úr marktækni niðurstaðna. Lítill árangur hefur náðst við að innleiða fjölbreyttari kennsluaðferðir og ekki hefur tekist að tengja námið betur við framtíðarstörf og framtíðarnám.

### Fylgni

Mikil fylgni milli einstakra þátta hefur verið í öllum niðurstöðum kannana frá haustönn 2009 til haustannar 2015 og hefur fylgnistuðull verið jákvæður í kringum 0,9. Fylgni á kennsluþáttum á haustönn 2015 og vorönn 2016 er með fylgnistuðul R=0,4831. Í fyrsta skipti er því um lága fylgni að ræða sem undirstrikar að niðurstöður séu varla marktækar.



**Hvaða einkunn gefur þú kennaranum á bilinu 1-10?**

Nemendur gáfu kennurum sínum 8,5 í einkunn og er það í takt við fyrri kannanir.




**Álit nemenda**

Nemendum gafst tækifæri til að koma sinni skoðun á framfæri í tveimur opnum spurningum.

Hvað finnst þér best við áfangann? Komdu á framfæri því sem þér þykir jákvæðast við kennslu, námsefni og verkefni/próf í áfanganum.
370 af 861 nemendum (43%) notuðu tækifærið til að koma sinni skoðun á framfæri. Er þetta svipað hlutfall og á haustönn 2015 (45%).

Hvað finnst þér að betur mætti fara í áfanganum? Komdu á framfæri ábendingum varðandi kennslu, námsefni og verkefni/próf í áfanganum.
289 af 861 nemendum (34%) notuðu tækifærið til að koma sinni skoðun á framfæri og er þetta svipap hlutfall og á haustönn 2015 (35%).

Það er ánægjulegt hve margir nemendur gripu tækifærið til að koma skoðunum sínum á framfæri. Svör nemenda voru send kennurum viðkomandi áfanga.